

REGLUGERÐ

um jöfnunargjald.

1. gr.

Greiða skal í rikissjóð 3% jöfnunargjald. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttra vara er um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

05.04.00	17.04.06	23.01.10	32.09.43
05.15.00	17.04.09	23.01.20	32.09.49
14.02.00	18.06.03	24.02.32	32.11.00
14.03.00	18.06.04	25.05.00	32.12.00
14.05.00	18.06.05	25.12.01	33.04.03
15.04.10	18.06.06	25.13.01	33.06.01
15.04.20	18.06.09	25.16.00	33.06.03
15.04.30	19.02.01	25.17.01	33.06.05
15.05.00	19.02.02	25.17.09	33.06.07
15.06.00	19.07.01	25.22.01	33.06.11
15.12.09	19.07.02	25.23.00	34.01.01
16.03.00	19.07.09	26.03.00	34.01.02
16.04.01	19.08.01	28.04.11	34.01.03
16.04.02	19.08.02	28.04.12	34.01.04
16.04.03	19.08.03	28.04.13	34.01.05
16.04.04	19.08.04	28.09.00	34.01.09
16.04.05	19.08.09	28.13.01	34.02.05
16.04.06	20.02.01	28.16.00	34.02.06
16.04.07	21.02.11	29.01.41	34.02.07
16.04.08	21.03.00	30.03.13	34.02.08
16.04.09	21.04.01	30.03.23	34.02.09
16.04.11	21.04.02	30.03.33	34.05.01
16.04.12	21.04.09	30.03.43	34.05.02
16.04.19	21.05.19	32.09.10	34.06.00
16.05.01	21.05.29	32.09.21	35.01.00
16.05.02	21.06.02	32.09.22	35.03.01
16.05.03	21.07.02	32.09.23	35.06.01
16.05.04	22.01.01	32.09.24	35.06.09
16.05.09	22.02.01	32.09.25	36.05.00
17.04.01	22.02.09	32.09.29	38.18.00
17.04.03	22.03.01	32.09.31	38.19.33
17.04.04	22.03.09	32.09.39	39.01.23
17.04.05	22.08.00	32.09.41	

39.01.26	40.07.00	44.28.84	53.10.10
39.01.33	40.08.01	44.28.87	53.10.20
39.01.34	40.13.02	44.28.88	53.12.00
39.01.36	40.13.09	44.28.94	54.03.00
39.01.43	40.14.03	46.02.01	54.04.00
39.01.53	40.14.11	46.02.02	54.05.01
39.01.64	41.01.11	46.03.01	54.05.09
39.01.95	41.01.19	48.05.20	55.07.10
39.01.97	41.01.20	48.05.41	55.07.20
39.02.13	41.01.30	48.07.39	55.08.10
39.02.14	41.01.40	48.07.42	55.08.20
39.02.15	41.01.50	48.07.44	56.06.10
39.02.23	41.01.60	48.07.47	56.06.20
39.02.25	41.02.10	48.14.04	56.06.30
39.02.34	41.03.00	48.15.10	57.07.09
39.02.35	41.04.00	48.15.34	58.01.10
39.02.36	41.05.01	48.15.35	58.01.20
39.02.44	41.05.09	48.16.04	58.02.10
39.02.47	41.09.00	48.16.05	58.02.20
39.02.61	42.01.00	48.16.06	58.02.30
39.02.64	42.02.10	48.16.07	58.02.40
39.02.75	42.02.20	48.16.11	58.02.50
39.02.93	42.02.30	48.16.12	58.02.60
39.02.99	42.02.41	48.16.19	58.02.70
39.03.12	42.02.49	48.18.00	58.02.80
39.03.13	42.03.01	48.19.01	58.02.90
39.03.33	42.03.02	48.19.09	58.03.00
39.03.34	42.03.09	48.21.21	58.07.01
39.03.53	42.04.00	48.21.31	58.07.02
39.03.54	43.01.10	48.21.32	58.08.09
39.03.81	43.01.20	48.21.40	58.09.00
39.03.82	43.02.01	48.21.53	58.10.00
39.07.11	43.02.09	48.21.55	59.01.02
39.07.13	43.03.01	48.21.56	59.02.10
39.07.14	43.03.09	48.21.57	59.02.22
39.07.15	43.04.09	49.01.01	59.03.09
39.07.16	44.13.21	49.07.09	59.04.02
39.07.17	44.13.29	49.08.00	59.04.09
39.07.18	44.19.00	49.09.00	59.05.09
39.07.19	44.20.00	49.10.00	59.06.01
39.07.35	44.21.00	49.11.19	59.07.09
39.07.40	44.23.01	49.11.29	59.12.09
39.07.46	44.23.02	50.04.00	60.01.10
39.07.47	44.23.03	50.05.00	60.01.21
39.07.62	44.23.04	50.07.00	60.02.01
39.07.63	44.23.09	50.09.00	60.02.02
39.07.66	44.24.00	51.03.10	60.02.09
39.07.67	44.25.01	51.03.20	60.03.01
39.07.69	44.25.03	51.04.21	60.03.02
39.07.71	44.27.01	52.01.00	60.03.03
39.07.77	44.27.02	52.02.00	60.03.04
39.07.79	44.27.09	53.09.00	60.03.05
39.07.81	44.28.83		60.03.09

60.04.10	61.02.10	62.02.10	73.21.02
60.04.15	61.02.15	62.02.20	73.21.03
60.04.20	61.02.20	62.02.30	73.21.04
60.04.25	61.02.25	62.02.40	73.21.05
60.04.30	61.02.30	62.02.50	73.21.06
60.04.35	61.02.35	62.02.60	73.21.09
60.04.40	61.02.40	62.02.71	73.22.01
60.04.45	61.02.45	62.02.79	73.22.09
60.04.50	61.02.50	62.02.81	73.23.01
60.04.61	61.02.55	62.02.89	73.23.03
60.04.69	61.02.60	62.03.01	73.23.09
60.05.05	61.02.65	62.03.02	73.27.01
60.05.10	61.02.70	62.03.09	73.31.01
60.05.15	61.02.75	62.04.11	73.31.09
60.05.20	61.02.80	62.04.12	73.37.01
60.05.25	61.02.85	62.04.19	73.37.02
60.05.30	61.02.91	62.04.21	73.37.09
60.05.35	61.02.92	62.04.22	73.38.21
60.05.40	61.02.93	62.04.29	73.38.22
60.05.45	61.02.95	62.05.11	73.40.45
60.05.50	61.02.96	62.05.19	73.40.46
60.05.55	61.02.97	63.01.00	73.40.48
60.05.60	61.02.98	63.02.00	73.40.49
60.05.65	61.03.10	64.01.09	73.40.51
60.05.70	61.03.20	64.02.01	73.40.55
60.05.75	61.03.30	64.02.02	74.19.03
60.05.81	61.03.41	64.02.05	74.19.05
60.05.82	61.03.49	64.02.09	75.06.01
60.05.89	61.03.51	64.03.00	76.01.10
60.06.10	61.03.59	64.04.00	76.01.20
60.06.21	61.03.61	65.03.00	76.03.01
60.06.22	61.03.69	65.05.00	76.08.00
60.06.29	61.04.11	65.06.02	76.09.00
61.01.05	61.04.12	68.01.00	76.10.02
61.01.10	61.04.19	68.02.01	76.10.04
61.01.15	61.04.21	68.02.03	76.10.09
61.01.20	61.04.22	68.02.09	76.16.02
61.01.25	61.04.29	68.08.01	76.16.03
61.01.30	61.04.31	68.11.01	76.16.07
61.01.35	61.04.32	68.11.09	76.16.09
61.01.40	61.04.39	68.15.00	76.16.11
61.01.45	61.05.00	68.16.02	76.16.12
61.01.50	61.06.00	69.06.00	82.01.02
61.01.55	61.07.00	69.13.01	83.03.01
61.01.60	61.09.10	69.13.09	83.06.01
61.01.65	61.09.21	70.07.01	83.07.04
61.01.70	61.09.29	70.08.00	83.07.05
61.01.75	61.10.00	70.09.00	83.07.09
61.01.80	62.01.10	70.14.01	83.13.02
61.01.85	62.01.20	71.12.00	83.14.00
61.01.90	62.01.30	71.16.00	84.11.41
61.01.95	62.01.40	73.13.51	84.11.42
61.02.05	62.01.50	73.21.01	84.12.00

84.15.33	85.12.53	94.03.11	94.04.00
84.15.39	85.19.17	94.03.12	96.01.01
84.17.23	85.19.19	94.03.13	96.01.03
84.22.12	87.05.01	94.03.14	96.01.05
84.22.31	87.05.02	94.03.15	96.01.07
84.22.61	87.05.09	94.03.19	96.01.09
84.22.62	87.06.01	94.03.21	97.02.00
84.30.15	89.01.20	94.03.22	97.03.00
85.01.21	89.01.59	94.03.23	97.04.03
85.01.71	89.01.69	94.03.24	97.07.02
85.01.79	94.01.13	94.03.29	97.07.09
85.04.10	94.01.14	94.03.31	98.02.09
85.12.51	94.01.19	94.03.32	98.07.00
85.12.52	94.01.20	94.03.39	98.12.00

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal einnig lagt á innfluttar vörur sem falla undir önnur tollskrárnúmer en talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar og tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum til samræmingar á tollum af vörum þessum við tolltaxta þeirra tollskrárnúmera sem upp eru talin í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldrar vöru skv. 1. gr. skal gjald samkvæmt reglugerð þessari lagt á tollverð (cif-verð) vöru eins og það er ákveðið samkvæmt þar að lútandi ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum. Gjöld sem kunna að vera lögð á vöru við innflutning samkvæmt ákvæðum annarra laga en laga um jöfnunargjald teljast eigi gjaldstofn við útreikning á gjaldi samkvæmt reglugerð þessari, shr. þó 2. mgr.

Nú er vara flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur innheimtur við tollafgreiðslu og skal þá gjald skv. 1. gr. reiknast sem hluti söluskattstofns.

4. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum skal ekki innheimta gjald skv. 1. gr. reglugerðar þessarar. Sama skal gilda við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem tollur hefur verið lækkaður á samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Reglur um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu jöfnunargjalds, eftir því sem við geta átt, þ. á m. um lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni, með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæði 2. málsl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðsluprósentu vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar jöfnunargjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og í þeim áföngum sem reglur settar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga kveða á um. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal jöfnunargjald endurgreitt að fullu. Endurgreiðslur jöfnunargjalds vegna nýsmíði skipa og báta sem smíði var hafin á fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu miðaðar við þá smíða-áfangi sem lokið er við eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Sama skal gilda, eftir því sem við getur átt, um endurgreiðslur jöfnunargjalds vegna viðgerða eða endurbóta á skipum og bátum.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við geta átt um endurgreiðslur jöfnunargjalds af sömu vörum.

5. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögveð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt reglugerð þessari skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæymslur o.fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

6. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar gjalds samkvæmt reglugerð þessari verð á birgðum vöru sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskipta-hætti með áorðnum breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og öðlast gildi frá og með 1. janúar 1981.

Reglugerð nr. 276 14. júní 1979, um jöfnunargjald og sérstakt tímabundið aðlögunargjald, sbr. reglugerð nr. 518 28. desember 1979 um breyting á henni fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1981 samkvæmt ákvæðum laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald og lögum nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald sem falla úr gildi á sama tíma. Ákvarðanir fjármálaráðuneytisins um niðurfellingu jöfnunargjalds og sérstaks tímabundins aðlögunargjalds samkvæmt heimildum í ofangreindum lögum skulu þó gilda áfram eftir því sem við geta átt um niðurfellingu jöfnunargjalds samkvæmt reglugerð þessari.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.